

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Hvar sem orðið „Umferðarstofa“, í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

#### 2. gr.

3. másl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Skírteinið skal vera í samræmi við tilskipanir 1999/37/EB, 2003/127/EB og 2014/46/ESB og viðauka.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing.*

Við 37. gr. reglugerðarinnar bætast svohljóðandi nýjar málsgreinar:

Með reglugerðinni er innleidd tilskipun Evrópuþingins og ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki, ásamt viðaukum. Vísað er til tilskipunarinnar í XIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/1999, þann 17. desember 1999. Tilskipunin, ásamt viðaukum, er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14/2001, 15. mars 2001, bls. 65-73.

Með reglugerðinni er innleidd tilskipun Evrópuþingins og ráðsins 2003/127/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki, ásamt viðaukum. Vísað er til tilskipunarinnar í XIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004, þann 24. september 2004. Tilskipunin, ásamt viðaukum, er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26/2007, 7. júní 2007, bls. 224-248.

Með reglugerðinni er innleidd tilskipun Evrópuþingisins og ráðsins 2014/46/ESB um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki. Vísað er til tilskipunarinnar í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2015, þann 30. apríl 2015. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34/2015, 18. júní 2015, bls. 187-191.

#### 4. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr., 64. gr., 64. gr. a. og 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. nóvember 2018.*

F. h. r.

**Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.**

*Jónas Birgir Jónasson.*